

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna Félags grunnskólakennara**

60. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn miðvikudaginn 4. janúar 2017 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 08:30.

Fundinn sátu: Ólafur Loftson, Guðbjörg Ragnarsdóttir og Rósa Ingvarsdóttir frá FG. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason, Inga Rún Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

**1. Vinna við vegvísi að aðgerðaráætlun samkvæmt bókun 1 með kjarasamningi aðila frá 29. nóvember 2016. – 1701020SA**

Unnið að vegvísi samkvæmt bókun 1. Ákveðið að hittast aftur 10. janúar klukkan 9:15 – 11:00 og vinna áfram með það að markmiði að ljúka vinnu við vegvísi.

**2. Ávinnsuréttur kennara á þjónustualdri vegna starfstíma á kjarasamningi sem fer ekki skv. lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna sbr. grein 13.2.2.5 í kjarasamningi. – 1701021SA**

**Niðurstaða:**

Málið rætt, afgreiðslu frestað.

Inga Rún Ólafsdóttir víkur af fundi

**3. Útgáfa heildarkjarasamnings. - 1701022SA**

Berglind Eva Ólafsdóttir mætir til fundarins vegna ritstjórnar á heildarútgáfu kjarasamnings.

**Niðurstaða:**

Farið yfir athugasemdir aðila vegna heildarútgáfu kjarasamnings. Kjarasamningur verður birtur á vefsvæðum aðila 5. janúar.

Berglind Eva víkur af fundi.

**4. Eingreiðsla til kennara í fæðingarorlofi samkvæmt kjarasamningi dags 29. nóvember 2016. - 1701023SA**

**Niðurstaða:**

Málið rætt, afgreiðslu frestað.

**5. Mat á kennsluferli við námsúræðið Fjölmennt. – 1701024SA**

Óskað var eftir mati samstarfsnefndar á því hvort kennslureynsla þegar kennari starfaði sem leiðbeinandi hjá Fjölmennt í fullorðinsfræðslu fatlaðra í 50% starfi á árinu 2002 og síðan í 100% starfi frá 2003 – 2009 eigi að meta til kennsluferils vegna starfa hans í grunnskóla.

Samkvæmt upplýsingum frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu skilgreinist Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð ses. ekki sem framhaldsskóli heldur sinnir miðstöðin fólki með fötlun sem þegar það hefur lokið framhaldsskóla og fullorðnum fötluðum án framhaldsskólalögungu. Fjölmennt starfar ekki samkvæmt framhaldsskólalögum né námskrám framhaldsskóla. Mennta- og menningarmálaráðuneytið veitir Fjölmennt rekstrarstyrk á grundvelli þjónustusamnings sem gildir til 31. desember 2017. Starfsemi Fjölmenntar tekur mið af lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 en heyrir þó ekki undir lögum sem viðurkenndur fræðsluaðili. Fjölmennt er sjálfseignarstofnun sem starfar á grundvelli laga nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur og skipulagsskrá Fjölmenntar tók gildi árið 2010.

**Niðurstaða:**

Kennsluferill við Fjölmennt er ekki metinn þar sem skólinn starfar ekki eftir lögum og námskrám sem gilda um grunn-, leik- eða framhaldsskóla.

**6. Mat á kennsluferli vegna kennslu við skóla Sjöunda dags aðventista í Madison í Bandaríkjunum. – 1606034SA**

Samkvæmt upplýsingum ENIC Matskrifstofu háskólastigsins er Wisconsin fylki ekki með viðurkenningarferli fyrir einkaskóla á grunnskólastigi. Fylkið heldur hins vegar skrá yfir þekkta einkaskóla. Skólunum er gert að senda inn upplýsingar á hverju ári um fjölda nemanda og með hvaða hætti þeir uppfylla lögbundnar skyldur skóla á þessu skólastigi. Skólar sem senda inn þessar upplýsingar birtast síðan á sérstakri skrá yfir starfandi einkaskóla í Wisconsin. Three Angels Christian School (áður Madison Junior Academy) er á þessari skrá yfir starfandi einkaskóla.

**Niðurstaða:**

Samstarfsnefnd er sammála um að líta svo á að þar sé um grunnskóla að ræða sem starfar samkvæmt reglum menntamálayfirvalda í viðkomandi fylki og því skuli meta kennsluferil við skólann.

7. Ósk kennara um leiðréttingu launa vegna viðbótarnáms í tilfalli þar sem kennarinn skilaði ekki gögnum til vinnuveitanda strax að loknu námi. – 1701026SA

**Niðurstaða:**

Málið rætt, afgreiðslu frestað meðan frekari gagna er aflað.

8. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:06